

Iðnaðarnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. maí 2004
Tilvísun: 2004040003
Bréfalykill: 50.13

Efni: Leiðrétt umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003.

Þann 14. apríl sl. sendi Orkustofnun iðnaðarnefnd umsögn sína um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003. Þau leiðu mistök urðu að í 3. lið vantaði orðið "tekna" sem skiptir sköpum um merkingu setningarinnar. Það hefur nú verið leiðrétt og bréfið því sent aftur. Bréfið er að öðru leyti óbreytt. Setningin hljóðar þá svo: "Tekjumörk eru hámark leyfilegra tekna flutningsfyrirtækis og dreifiveitna til að mæta kostnaði." Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 26. mars 2004, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til raforkulaga, 740. mál, flutningur raforku, gjaldskrár o.fl. Starfsmenn Orkustofnunar komu að undirbúningi frumvarpsdraga, en við nánari skoðun hafa komið í ljós nokkur atriði sem stofnunin telur að betur megi fara. Þau eru eftirfarandi:


1. Í a-lið 1. gr. frumvarpsins segir í lokamálslið: "þó ekki lengra en að mörkum þéttbýlis". Orkustofnun telur að fella eigi ml. út, þar sem afhendingarstaðir eru taldir upp í viðauka með lögnum. Í þeirri upptalningu eru dæmi um afhendingarstaði innan þéttbýlis.
2. Orkustofnun bendir á að rétt væri að fella út skilgreiningu gjaldskrársvæða í 8. tl. 3. gr. raforkulaga, þar sem í 9. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að fella út ákvæði um að ráðherra skilgreini gjaldskrársvæði, enda er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að sama gjaldskrá gildi á öllu starfssvæði dreifiveitu, þó með þeirri mögulegu undantekningu að heimiluð verði sérstök dreifbýlisgjaldskrá.
3. Í 7. gr. frv. eru tekjumörk nefnd. Orkustofnun hefur orðið vör við að misskilnings gæti um hugtakið og leggur til að við 1. gr. frv. verði bætt skilgreiningu á hugtakinu "tekjumörk" sem orðist svo: "Tekjumörk eru hámark leyfilegra tekna flutningsfyrirtækis og dreifiveitna til að mæta kostnaði." Stofnunin telur að viðbótin sé til skýringar á því að flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum sé ekki skylt að afla tekna allt að tekjumörkum, heldur sé þar aðeins um leyfilegt hámark tekna að ræða.
4. Orkustofnun er falið að safna upplýsingum um orkuvinnslu í landinu. Eins og málum er nú háttað er haldið utan um raforkuvinnslu virkjana sem tengjast veitukerfmu. Rafveitunar tryggja að þessum upplýsingum sé skilað til Orkustofnunar. Sama gildir um nokkurn fjölda virkjana sem eru undir 1 MW og tengjast veitukerfinu, enda eru þær flestar í eigu rafveitna. Á hinn bóginn eru engar kvaðir á eigendum smávirrkjana, sem ekki eru tengdar veitukerfmu, um að skila til yfirvalda upplýsingum hvorki þegar þær eru reistar né heldur um rekstur þeirra. Þótt hér sé ekki um að ræða umtalsverða

raforkuvinnslu, væri fróðlegt að fá betri upplýsingar um hana. Benda má á að í Noregi eru allar vatnsvirkjanir leyfisskyldar, óháð stærð þeirra. Orkustofnun gerir tillögu um að eigendum smávirkjana, sem ætlaðar eru til einkanota og eru 10 til 1000 kW að afl, verði skylt að skila til Orkustofnunar tæknilegum upplýsingum um virkjun. Sé slík virkjun 100 kW eða stærri og ekki tengd veitukerfinu verði skylt að skila upplýsingum til Orkustofnunar um heildarraforkuvinnslu einu sinni á ári. Lagt er til að við 2. gr. frv. bætist nýr ml., svohljóðandi: "Eigendur virkjana með uppsett afl 10 til 1000 kW skulu skila Orkustofnun tæknilegum upplýsingum um virkjun. Einnig er skylt er að tilkynna Orkustofnun árlega um heildar raforkuvinnslu raforkuvera með uppsettu afl yfir 100 kW."

5. Í 3. ml. 4. mgr. 7. gr. frv. segir: "Hún skal einnig gilda fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi á afhendingarstöðum, sbr. 6. tl. 3. gr., miðað við 66 kV spennu". Orkustofnun leggur til að málsliðurinn orðist svo: "Gjaldskrá fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi á afhendingarstöðum, sbr. 6. tl. 3. gr. skal miðast við að raforka sé afhent á 66 kV spennu".
6. Í upphafi 1. ml. 5. mgr. 7. gr. frumvarps segir "Sama gjald skal vera...". Orkustofnun bendir á að þarna ætti að standa "Sama gjaldskrá skal vera..." enda kann gjaldið að vera misjafnt eftir aðstæðum sem skilgreindar verða í gjaldskrá. Benda má að á öllum öðrum stöðum í frv. er talað um "gjaldskrá" en ekki einungis "gjald".
7. Í 1. tl. 2. mgr. 9. gr. frv. eru taldir upp kostnaðarliðir sem miða á við þegar tekjumörk eru ákvæðin. Orkustofnun leggur til að "orkutöpum" verði bætt inn í upptalninguna, enda eru þau einn þeirra kostnaðarpátta sem taka verður mið af. Hér væri þá átt við töp innan dreifikerfis. Breytingin er þannig til samræmis við upptalningu í ákvæði 1. tl. 2. mgr. 7. gr. frv., sem er að öðru leyti eins, að breyttu breytanda.
8. Í 8. og síðustu mgr. 9. gr. er reglugerðarheimild og upptalning á þeim atriðum sem setja skal frekari ákvæði um í reglugerð. Orkustofnun leggur til að við upptalninguna verði bætt "notkunarferla". Samkvæmt a-lið 5. gr. frv. ber kerfisstjóra að samræma notkunarferla, en nauðsynlegt er að útfæra í reglugerð hvernig það skuli gert.
9. Í lokaml. 10. gr. frv. segir: "Á þessu tímabili skulu gjaldskrársvæði dreifiveitna vera hin sömu og starfssvæði þeirra." Eins og bent er á í lið 2 hér að framan er í frv. lagt til að ákvæði um gjaldskrársvæði falli út. Orkustofnun leggur til að lokaml. 10. gr. frv. orðist svo: "Á þessu tímabili skal sama gjaldskrá gilda á starfssvæði hvernar dreifiveitu. Ekki er á tímabilinu heimilt að veita leyfi fyrir dreifibýlisgjaldskrá". Þannig verði í raun sama gjaldskrá á öllu starfssvæði hvernar dreifiveitu á bráðabirgðatímanum.
10. Orkustofnun telur að betur fari á því að nefna gildistöku dag raforkulaga, 7. apríl 2003, í 1. ml. 2. mgr. 11. gr. frv. í stað þess að þar segi: "við gildistöku laga þessara...".
11. Orkustofnun telur að orðið "aukin" í lokaml. 12. gr. frv. sé ofaukið og leggur til að það falli út.

Auk framangreindra ábendinga hefur Orkustofnun til skoðunar atriði er varða verðtryggingar, greiðslur til flutningskerfis fyrir eigin notkun virkjana sem bæði framleiða rafmagn og heitt vatn, og heimildir til endurkrafna vegna innheimtra tekna sem kunna að vera umfram sett tekjumörk. Stofnunin gerir fyrirvara um frekari ábendingar varðandi þessi atriði.

Virðingarfyllt


Þorkell Helgason
orkumálastjóri